

Sp. 31. Tillaga til þingsályktunar [31. mál]
um fálkaorðuna.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fá því framgengt við forseta Íslands, að hann breyti á þá leið forsetabréfi um hina íslensku fálkaorðu, að henni verði eigi aðrir sæmdir en útlendingar.

G r e i n a r g e r ð .

Tillaga þessi er efnislega samhljóða tillögu, sem fyrrverandi forseti Íslands, Ásgeir Ásgeirsson, flutti á Alþingi 1924. Sú reynsla, sem síðan hefur fengizt, sýnir glögg, að hyggilegt hefði verið að fara að þessu ráði hans. En betra er seint en aldrei.